

Opið brjef**Nr. 61.**
18. desbr.

um að hans konunglega tign Haraldur, prins af Danmörku,
sje settur ríkisstjóri.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þareð Vjer höfum í hyggju að ferðast til útlanda setjum Vjer ríkisstjóra samkvæmt 1. gr. í lögum nr. 25, 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjærverandi, bróður Vorn elskulegan, hans konunglegu tign Harald Christian Frederik, og hefur hann ríkisstjórn á hendi í Voru nafni frá þessum degi, þangað til Vjer komum heim aftur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 18. desbr. 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Zahle.

Konungleg auglýsing**Nr. 62.**
19. desbr.

um að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vjer erum aftur heim komnir úr ferð Vorri til útlanda kunngjörum Vjer hjer með Vorum kæru og trúu þegnum, að Vjer höfum sjálfir í dag tekið við ríkisstjórninni, sem Vjer með opnu brjefi 18. desbr. 1914 samkvæmt 1. grein í lögum nr. 25, 11. febr. 1871 höfðum falið bróður Vorum elskulegum, hans konunglegu tign Harald Christian Frederik að hafa á hendi, sem ríkisstjóra, í fjærvist Vorri.

Gefið á Amaliuborg, 19. desbr. 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Zahle.